Umsækjandi: Leikskólinn Kirkjuból

Umsóknarnúmer: 2015-1-IS01-KA219-013158

Reykjavík 24. júní 2015

Efni: Umsókn um Erasmus+ samstarfsverkefni

Ágæti umsækjandi.

Við þökkum umsókn þína um styrk í Erasmus+, flokkinn Samstarfsverkefni, þann 31. mars síðastliðinn. Okkur er sönn ánægja að tilkynna að umsókn þín um styrk fyrir verkefnið **This is me; under construction** hefur verið samþykkt og verður styrkt að hámarki um **106.430**.- evrur.

Við undirbúning samnings síðar í sumar verður send út nákvæm fjárhagsáætlun sundurliðuð eftir samstarfsaðilum. Það er möguleiki að breyting verði á endanlegri upphæð styrksins frá því sem getið er hér að ofan. Gert er ráð fyrir að samningstímabil verkefna hefjist 1. september 2015.

Að þessu sinni var sótt um styrki fyrir 27 verkefni á öllum skólastigum að upphæð 5.054.864.- evrur, sem er umtalsvert meira en er til úthlutunar í ár. Hver umsókn var metin af tveimur óháðum matsmönnum samkvæmt samræmdu evrópsku matsfyrirkomulagi. Matið var samvinnuverkefni Landskrifstofa Erasmus+ á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð. Í framhaldi af mati fjallaði óháð valnefnd um umsóknirnar og forstöðumaður Landskrifstofu Erasmus+ tók á grundvelli þeirrar umfjöllunar ákvörðun um úthlutun. Þrátt fyrir niðurskurð flestra verkefna sem hljóta styrk dugar fjárveiting einungis til að veita 14 verkefnum brautargengi. Meðfylgjandi er umsögn matsmanna um ofangreint verkefni.

Vinsamlegast staðfestið að skóli/stofnun þín muni þiggja styrkinn með tölvupósti á erasmusplus@rannis.is. Í framhaldinu mun landskrifstofa senda bréf með frekari upplýsingum og samning til undirritunar.

Áður en samningur er undirritaður þurfa samstarfsyfirlýsingar (*Mandate*) að hafa borist fyrir alla samstarfsaðila í verkefninu. Ef samstarfsyfirlýsingar voru ekki sendar inn með umsókn þarf að senda þær til landskrifstofu hið fyrsta á erasmusplus@rannis.is Athugið að skönnuð undirrituð skjöl eru fullnægjandi. Einnig þarf að ganga úr skugga um að Leikskólinn Kirkjuból og upplýsingar um stofnun hafi verið rétt skráðar inn í Participant Portal og umbeðin fylgigögn séu til staðar. Sjá http://www.erasmusplus.is/um/gagnlegt/nr/188. Frekari upplýsingar og aðstoð veitir Eyrún Sigurðardóttir, eyrun.sigurdardottir@rannis.is.

Enn fremur þarf að kanna fjárhagslegt hæfi einkaaðila áður en samningur er undirritaður. Þeir aðilar sem þetta á við um þurfa að vista afrit af ársreikningum tveggja síðastliðinna ára inn í „Participant Portal, hafi það ekki nú þegar verið gert.

Í haust verður haldið námskeið fyrir styrkþega þar sem farið verður yfir mikilvæga þætti í verkefnastjórnun og verkefnaskilum. Þá verður einnig skrifað formlega undir samninga. Nánari upplýsingar um námskeiðið verða sendar í tölvupósti síðari hluta ágúst. Þangað til óskum við ykkur gleðilegs sumars.

Hafi umsækjandi einhverjar athugasemdir við afgreiðslu umsóknarinnar, vinsamlegast komið þeim á framfæri skriflega innan mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs.

Með von um gott samstarf,

Ágúst Hjörtur Ingþórsson
Forstöðumaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026